



Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Skuggasundi 1
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 13. júní 2023
Tilvísun: 2023060082/50.12

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur í máli S-103/2023 sameining stofnana.

Vísað er til máls nr. S-103/2023 í samráðsgátt um áform um lagasetningu varðandi sameiningu tíu stofnana í Þrjár, Náttúruverndar- og minjastofnun, Náttúruvísindastofnun og Loftslagsstofnun. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur tekið málið og meðfylgjandi gögn til skoðunar og gefur eftirfarandi umsögn.

Umhverfisstofnun (UST), ein þeirra tíu stofnana sem til stendur að sameina, er yfirstofnun á landsvísu varðandi málefni starfsleyfis- og skráningarskyldrar starfsemi, hollustuhætti og mengunarvarnir. Stofnunin gegnir veigamiklu hlutverki sem yfirstofnun og samræmingaraðili heilbrigðiseftirlits á landinu. Það er afar mikilvægt að við sameininguna verði hlutverkum yfirstofnunar og samræmingaraðila heilbrigðiseftirlits gert hátt undir höfði í þeirri eða þeim stofnunum sem mun/u fara með þau hlutverk að lokinni sameiningu stofnana.

Málefni hollustuhátta varða heilsu og hag almennings á landinu á hverjum einasta degi. Mikilvægi þess að yfirgripsmikil og haldgóð þekking á málaflokknum sé innan viðkomandi yfirstofnunar má vera öllum ljóst. Gera þarf stofnuninni kleift að sinna málflokknum í samræmi við mikilvægi hvað varðar staðsetningu í skipuriti og fjölda stöðugilda sem vinna við málaflokkinn. Afar mikilvægt er að samræmingarhlutverki stofnunarinnar sé sinnt þannig að gagnist heilbrigðiseftirliti og atvinnulífi. Umhverfisstofnun hefur ekki verið gert fært að sinna þessu hlutverki með sóma sem hefur verið mjög bagalegt fyrir heilbrigðiseftirlit í landinu. Eftirlit með starfsleyfis skyldri mengandi starfsemi hefur að hluta verið hjá UST og þekking á þeim málaflokki betri innan stofnunarinnar en varðandi hollustuhætti. Engu að síður eru stórar áskoranir fram undan í mengunarmálum t.d. hvað varðar mengaðan jarðveg og að gefa út og uppfæra úreltar leiðbeiningar s.s. um olúskiljur og annan mengunarvarnabúnað. Afar mikilvægt er að sú stofnun sem mun fara með málflokkinn verði þess myndug að sýna forystu og veita heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga leiðsögn og stuðning í samræmi við hlutverk sitt. Tryggja þarf að nauðsynleg þekking á öllum þáttum eftirlits sé til staðar hjá sameinaðri stofnun og nægur starfskraftur til að sinna þessu hlutverki.

Við samruna Orkustofnunar og UST myndast að mati HER ákveðnir árekstrar vegna mismunandi hlutverks sem þessar stofnanir hafa skv. lögum. UST hefur hlutverk sem lögbundinn umsagnaraðili um starfsemi og framkvæmdir sem Orkustofnun gefur leyfi fyrir, t.d. um námavinnslu á hafsbótnei og virkjanir, og umhverfismat þessara framkvæmda. Ljóst er að markmið laga sem UST sér um að framfylgja, s.s. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga um varnir gegn mengun sjávar, stangast að vissu leyti á við markmið og hlutverk Orkustofnunar skv. þeirri löggjöf sem stofnunin vinnur eftir. Erfitt er að sjá hvernig unnt sé að halda stjórnsýslu þessara ólíku hlutverka aðskildum innan einnar sameinaðar stofnunar. HER veltir því fyrir sér hvaða áhrif þessar áskoranir geti haft á hlutverk Loftslagsstofnunar sem samræmingaraðila eftirlits og ráðgefandi stofnunar við útgáfu starfsleyfa heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga, s.s. fyrir virkjanir.

Er litið er til framangreinds telur HER að samruni UST og Orkustofnunar sé ekki æskilegur. Mikilvægt er að halda ákveðinni stjórnsýslulegri aðgreiningu í ljósi hlutverka og starfsemi



Reykjavíkurborg
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
núverandi stofnana UST og Orkustofnunar.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Guðjón Ingi Eggertsson
heilbrigðisfulltrúi

Svava S. Steinarsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

Afrit/Samrit sent:

Afrit/Samrit sent: